

Hagræðing af sameiningum sveitarfélaga metin 3,6 til 5 milljarðar á ári

Kjarninn 3. okt 2019

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið hefur látið greina möguleg hagræn áhrif þess að lögfesta ákvæði um lágmarksíbúafjölda sveitarfélaga við töluna 1.000.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið hefur látið greina möguleg hagræn áhrif þess að lögfesta ákvæði um lágmarksíbúafjölda sveitarfélaga við töluna 1.000. Tvær aðferðir voru notaðar við greininguna sem gáfu til kynna að svigrúm til hagræðingar við að lögfesta ákvæðið getur orðið allt að 3,6 til 5 milljarðar á ári. Þetta kemur fram á vef ráðuneytisins í dag.

Kjarninn hefur áður greint frá því að Sigurður Ingi Jóhannsson samgöngu- og sveitastjórnarráðherra hafi lagt fram þingsályktunartillögu um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019 til 2033 og aðgerðaáætlun til næstu fimm ára á Alþingi. Í áætluninni er meðal annars lagt til að árið 2026 verði engin sveitarfélög á landinu með færri en þúsund íbúa. Meiri en helmingur sveitarfélaga er í dag með færri en þúsund íbúa.

Mikil hagræðing felst í að fækka sveitarfélögum

Fram kemur hjá ráðuneytinu að ýmsir aðilar hafi bent á að mikil hagræðing felst í aðgerð sem þessari. Hægt væri að nýta þann ávinning til að lækka álögur á íbúa, greiða niður skuldir og þar með lækka kostnað og/eða auka þjónustu við íbúa og styrkja innviði. „Nú þegar þingsályktunartillagan verður tekin til umræðu er mikilvægt að fyrir liggi hagræn greining á áhrifum hennar, þ.e. mati á fjárhagslegum og hagrænum áhrifum þess að sveitarfélögum fækki um allt að helming,“ segir í frétt ráðuneytisins.

Tvær aðferðir voru notaðar til greiningar á hagrænum áhrifum tillögunnar. Önnur aðferðin studdist við kostnaðartölur málaflokka undangenginna fimm ára og kostnaðarlíkön metin fyrir alla málaflokka, annars vegar fyrir minni sveitarfélög, 999 íbúar og færri, og hins vegar stærri, 1000 til 4000 íbúar. Sú aðferð gaf til kynna að svigrúm til mögulegrar hagræðingar við það að setja lágmarks íbúafjölda sveitarfélaga í 1.000 getur orðið 3,6 milljarða króna á ári á sveitarstjórnarstiginu, samkvæmt ráðuneytinu.

Hin aðferðin gekk út á það að velta fyrir sér líklegum sameiningarmynstrum og meta út frá því hvaða tækifæri til hagræðingar slík endurskipulagning hefði í för með sér. Þessi aðferð skilaði mati á tækifærum til mögulegrar hagræðingar sem nemur um 5 milljarða á ári.

„Ekki var gerð tilraun til að meta sérstaklega hvernig sá ávinningur eða hagræðing skiptist á milli sveitarfélaga, Jöfnunarsjóðs og ríkissjóðs, heldur var reynt að ná eins góðri námundun og unnt er á það hvaða tækifæri til hagræðingar geta skapast innan sveitarstjórnarstigsins, óháð því hvar hún verður og hvort forsvarsmenn sveitarfélaga ná að innleysa fjármunina og nýta t.d. til að auka þjónustu við íbúa,“ segir í fréttinni.